

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið upp kveðinn í máli þessu fyrr en nú.

Mánudaginn 22. maí 1933.

Nr. 161/1932. **Protabú h/f Valur** (Eggert Claessen)  
 gegn

**Landsbanka Íslands** (Th. B. Lindal).

Veðsetning talin ógild gagnvart áfrýjanda, krafa stefnda til andvirðis hins veðsetta fiskjar því eigi tekin til greina.

*Dómur Gestaréttar Reykjavíkur 3. sept. 1932:* Framangreind lögbannsgjörð staðfestist og á stefnandinn Landsbanki Íslands rétt á að fá afhenta viðskiptabók nr. 49131 við Landsbankann með innstæðu kr. 10,698,05 og áföllnum og áfallandi vöxtum.

Stefndur h/f Valur greiði stefnandanum kr. 400,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Það er upplýst í málinu, að Þórður Flygenring, sem í verki og framkvæmd og með vitund og vilja meðstjórnenda sinna annaðist útgerðarstjórn skipsins „Papey“, eign áfrýjanda, árið 1930, þar til 25. okt. s. á., er Þórður varð gjaldþrota, veðsetti Landsbankanum og Útvegsbanka Íslands h/f, fyrra hluta nefnds árs, fisk veiddan og óveiddan, í einu lagi af fjórum skipum, þremur, er hann átti sjálfur, og af áðurgreindu skipi áfrýjanda, til tryggingar lánum, samtals kr. 423000,00. Af lánum þessum greiddust kr. 62000,00, svo að eftir stóðu kr. 361000,00 ógreiddar, en samkvæmt framlögðum

sjóðreikningi áfrýjanda átti hann þó inni hjá Þórði 31. okt 1930 kr. 8140,32.

Með þannig lagaðri ráðstöfun batt téður Þórður Flygenring afla skipsins „Papey“ eigi aðeins til tryggingar því af nefndum lánum, sem til útgerðar þessa skips kynni að ganga, heldur einnig til tryggingar lánum handa sjálfum sér, og það í mjög ríku mæli. Hvernig sem lítið er á heimild Þórðar sem raunverulegs framkvæmdarstjóra hlutafélagsins til þess að veðsetja almennt eignir félagsins og á heimild stjórnenda til að samþykkja slíka ráðstöfun, þá verður hvorki álitíð, að framkvæmdarstjóri hafi haft heimild til að veðsetja eignir þess til tryggingar skuldum annara manna né heldur, að stjórn þess hafi haft heimild til þess að samþykkja slíka veðsetningu, og binda félaginu þar með stórum meiri áhættu en þá, er skapast vegna venjulegs reksturs. Verður þegar af þessari ástæðu að telja umrædda veðsetningu ógilda gagnvart áfrýjanda, og að stefndi geti því ekki byggt á henni nokkurn rétt yfir eða rétt til andvirðis hins veðsetta fisks eða sparisjóðsbókar Landsbankans nr. 49131, er það var lagt í. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm og þar með lögbannsgerðina 26. febr. 1932, úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda, og sýkna hann af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Lögbannsgjörðin 26. febr. 1932 er úr gildi felld, og áfrýjandi, protabú h/f „Valur“, á að

að vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Landsbanka Íslands, í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda samtals 500 kr. í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir eru þeir, að í dezembermánuði 1927 stofnuðu nokkrir menn hlutafélagið Val í Hafnarfirði og var tilgangur þess að reka fiskveiðar og aðrar atvinnugreinar, sem standa í sambandi við þær. Í stjórn félagsins voru upphaflega kosnir þeir Ingólfur Flygenring, Jón Gíslason og Guðmundur Guðmundsson, og á stjórnarfundi 3. febr. 1928 var Ingólfur jafnframt ráðinn útgerðarstjóri þess. Til þess að stunda fiskveiðarnar keypti félagið línuveiðarann Kakala og var á stjórnarfundi 16. dez. 1927 ákveðið að breyta um nafn á skipinu og kalla það Papey. Hinn 6. apríl 1928 gengu þeir Jón og Guðmundur úr félaginu og þar með úr stjórninni. Voru þá tilnefndir í stjórnina í þeirra stað til næsta aðalfundar þeir Þórður Flygenring og Helgi Guðmundsson og á aðalfundi 7. apríl 1929 voru þeir endurkosnir og áttu síðan sæti í henni þangað til á aðalfundi félagsins í dezember 1930. Hinsvegar hefir Ingólfur borið það við lögregluréttarrannsókn út af gjaldþroti Þórðar Flygenrings, að hann hafi gengið úr félaginu og þá að sjálfsögðu um leið úr stjórn þess veturinn 1929 og 30. Eigi að síður undirskrifar hann hinn 30. ágúst 1930 ásamt fyrnefndum tveimur stjórnendum félagsins veðskuldabréf, þar sem félagið veðsetur h/f. Hamar skip sitt „Papey“, en ekki verður séð, að hann hafi tekið frekari þátt í stjórnarstörfum félagsins eða rekstri þess, eftir að hann telur sig vera farinn úr því.

Á tímabilinu frá 21. janúar til 22. apríl 1930 fékk Þórður Flygenring 9 stórlán í Landsbanka Íslands, er námu samtals kr. 303,000,00 til útgerðar línuveiðagufuskipanna „Grimsey“, „Pétursey“, „Málmey“ og „Papey“ á vetrar- og vorvertiðinni 1930. Voru lán þessi öll tryggð með veði í fengnum og ófengnum afla nefndra skipa og voru Lands-

bankanum þannig veðsett 5050 skpd. af stórfiski af fyrsta afla skipanna og miðað við 250 kg. af fullsöltuðum fiski. En auk framangreindra lána fékk Þórður enn fremur á tímabilinu frá 23. apríl til 28. maí 1930 4 lán hjá Útvegsbanka Íslands h/f. samtals að upphæð kr. 120,000,00 til útgerðar sömu skipa á vorvertiðinni og veðsetti bankanum jafnframt 2000 skpd. af afla skipanna næst á eftir Landsbankanum og var þar einnig um stórfisk að ræða og miðað við 250 kg. Þegar umrædd lán, sem öll voru víxillán tóku að falla í gjalddaga en greiðsla brást, fengu bankarnir nokkurnveginn vissu fyrir því, að ekki mundi allt með feldu um fjárhag veðsalans, Þórðar Flyngenring, og var þú hans síðan tekið til gjaldþrotaskipta þann 25. okt. 1930. Kom þá í ljós, að ekki var til nærri því eins mikill fiskur og vera átti og fengu bankarnir aðeins kr. 62,000,00 greiddar upp í framangreindar skuldir. Við uppskrift á þrotabúinu kom fram, að ca. 150 skpd. af fiski þeim, sem þá var til, var talinn veiddur á e/s „Papey“ og eign h/f Valur. Krafðist félagið að fá fisk þennan afhentan úr þrotabúinu til frjálsrar ráðstöfunar, en þeirri afhendingu mótmæltu bankarnir sem veðhafar í honum. Síðar varð þó að samkomulagi að fiskurinn yrði seldur með þeim hætti, að réttarstaða aðilanna til andvirðis hans skyldi eigi raskast við það. Fór salan fram í marz f. á. og nam andvirðið nettó kr. 10,698,05 og var það lagt á viðskiptabók við Landsbankann nr. 49131, og bókin geymd í vörslum skiptaráðandans í þrotabúi Þ. Flyngenring. Krafðist hlutafélagið nú enn að fá bókina með innistæðunni afhenta frá skiptaráðandanum, en Landsbankinn, sem hefir fengið rétt Útvegsbankans samkv. fyrgreindum fjórum víxlum hans á hendur Þ. Flyngenring og tilheyrandi tryggingarbréfum gegn h/f Valur og þrotabúi Þórðar fram-seldan, fékk hinn 25. febr. sl. að undangengnum fógeta-réttarúrskurði lagt lögbannt við því, að bókin eða innistæðan yrði afhent hlutafélaginu. Höfðaði Landsbankinn síðan mál þetta hér fyrir gestaréttinum með stefnu útgef-inni 29. febr. s. l. á hendur stjórn h/f „Valur“ fyrir hönd félagsins, þeim Ólafi Gíslasyni stórkaupmanni og Guð-mundi Magnússyni skipstjóra báðum hér í bænum, og Helga Guðmundssyni bifreiðarstjóra í Hafnarfirði og hef-ir gert þær réttarkröfur, að ofangreind lögbanntsgerð

verði staðfest sem löglega gerð og framfylgt, að stefnd stjórn verði f. h. nefnds hlutafélags dæmd til þess að þola aðför í ofangreindri bankainnistæðu kr. 10,698,05 ásamt áföllnum og áfallandi vöxtum og loks að hún verði dæmd til að greiða allan kostnað af málinu að skaðlausu.

Stefnandi hefir nú haldið því fram og byggt framan-greindar kröfur á því, að oftnefndur Þórður hafi einn annast útgerðarstjórn h/f. „Valur“. Hann hafi séð um fisk-sölu, útvegum rekstrarfjár og þess háttar og yfirleitt kom-ið fram út á við fyrir félagsins hönd eins og hann ætti það sjálfur, og hafi hluthafar félagsins, endurskoðendur eða meðstjórnendur ekki haft neitt við framkvæmdir hans að athuga. Telur stefnandi, að af þessu sé það ljóst, að Þórður hafi haft heimild til að veðsetja umræddan Pap-eyjarfisk ásamt sínum eigin fiski til tryggingar framan-greindum lánum og hafi því veðrétturinn í þeim fiski verið fullgildur, en af því leiði aftur það, að hann (stefn-andi) eigi heimtingu á því, að andvirði veðsins eða hin umþrætta bankainnistæða gangi að svo miklu leyti sem hún til hrekkur upp í þær skuldir Þórðar Flygenrings, sem veðið hafi átt að tryggja. Þessum rétti verði h/f. Val-ur að sjálfsögðu að hlíta, og enda þótt ekki hafi stofnast sjálfstæður kröfuréttur á hendur félaginu við greindar lántökur Þ. Fl. þá megi telja það fullvist, að nokkuð af lánunum hafi í raun og veru gengið til félagsins sem rekstrarfé.

Þá telur stefnandi, að jafnvel þó að Þ. Fl. hefði ekki haft raunverulega heimild til þess að veðsetja Papeyjar-fiskinn, þá hafi litið svo út gagnvart hönkunum, og þeir hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að heimild hans til veðsetningarinnar væri í lagi og hafi veðsetningin því af þeirri ástæðu einnig verið fullgild í þessu falli.

Stefndir hafa mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess, að lögbannsgjörðin verði úr gildi felld og viður-kenndur verði kvaðalaus eignarréttur h/f. Valur í téðu fiskandvirði kr. 10,698,05 ásamt áföllnum og áfallandi vöxtum. Þá krefjast þeir og málskostnaðar hjá stefnanda til handa hlutafélaginu eftir reikningi.

Mótmæli sín og kröfur byggja stefndir á því að Þ. Fl. hafi enga heimild haft til þess að veðsetja umræddan Papeyjarfisk. Sé því veðsetning hans til bankanna á fisk-

inum ógild og eigi þá hlutafélagið „Valur“, sem eigandi fiskjarins eitt rétt til andvirðis hans. Halda þeir því fram, að samkvæmt félagslögunum, sé það félagsstjórnin ein eða meiri hluti hennar sem geti veðsett eignir félagsins, þar á meðal fiskafla þess. Vald framkvæmdarstjórans nái hinsvegar ekki til þess að framkvæma slíka gerninga fyrir félagið, en þó svo væri skifti það ekki máli hér, þar sem Þórður Flygenring hafi aldrei verið formlega ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins, heldur hafi Ingólfur bróðir hans verið útgerðarstjóri þess á þeim tíma, sem veðsetningarnar áttu sér stað.

Samkvæmt 19. gr. laga h/f. Valur kemur framkvæmdarstjóri fram fyrir félagsins hönd gagnvart öðrum í öllum þeim málum, sem snerta venjulegan rekstur þess, og verður því að telja það ótvírætt, að heimild hans hafi náð til þess, að veðsetja fisk félagsins við útvegum á rekstrarlánum handa því. Það er nú að visu rétt hjá stefndum, að Þ. Fl. hefir aldrei verið ráðinn formlega sem framkvæmdarstjóri h/f Valur. Við lögregluréttarrannsókn út af gjaldþroti Þ. Fl. voru meðal annars auk hans yfirheyrðir meðstjórnendur hans í h/f Valur, þeir Ingólfur og Helgi svo og endurskoðandi félagsins Gunnlaugur Stefánsson. Með framburði þeirra og öðru, er fyrir liggur í málinu þykir það fyllilega upplýst, að Þ. Fl. hafi að minnsta kosti allt frá því snemma á árinu 1928 og til þess tíma, að hann varð gjaldþrota verið raunverulegur framkvæmdarstjóri h/f Valur, enda þótt hann væri ekki formlega kjörinn sem slíkur eða hefði prókúru fyrir félagið. Á þessu tímabili mun hann hafa annast að öllu leyti útgerðarstjórn skipsins „Papey“. Þá hafði hann og á hendi verkun og sölu fisks þess, sem á skipið aflaðist og útvegum rekstrarlána, sem virðist hafa farið fram með þeim hætti, að hann veðsetti Papeyjarfiskinn ásamt sínum eigin fiski fyrir rekstrarlánum teknum á sitt nafn, en lét svo félaginu sjálfu í té rekstrarfé eftir þörfum. Virðist meðstjórnandi Þ. Fl., Helgi Guðmundsson, eftir framburði hans í lög-  
regluréttinum þegjandi hafa samþykkt ráðstafanir Þórðar viðvikjandi rekstri félagsins og að minnsta kosti kemur ekki annað fram en framkvæmdir Þ. Fl. allar hafi verið látnar átölulausar af meðstjórnendum hans, endurskoðendum félagsins og hluthöfum, en aðalfundur var haldinn

í félaginu í aprilmánuði 1929. Þykir því verða að ganga út frá því, að Þ. Fl. hafi haft heimild til að veðsetja umræddan Papeyjarfisk og teljast þá veðsetningar hans á fiskinum til stefnanda og Útvegsbankans fyrir framan- greindum lánum að fullu gildar, en af því leiðir, að stefnandi á rétt til þess að fá andvirði fiskjarins eða viðskiptabókina við Landsbankann með áðurgreindri innstæðu og verður stefnanda tildæmdur sá réttur auk þess sem krafa hans um staðfestingu lögbannsgjörðarinnar verður til greina tekin.

Eftir atvikum þykir rétt að h/f Valur greiði stefnandanum kr. 400.00 í málskostnað.

Vegna margvíslegra embættisanna dómarans hefir eigi verið unnt að kveða upp dóm í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn, 26. maí 1933.

Nr. 153/1932. **C. A. Broberg, f. h. váttryggingarfé-  
lagsins Danske Lloyd**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Birni Þórðarson lögmanni, f. h. þrota-  
bús Finnboga Jenssonar og gagnsök**

(Th. S. Línal).

**Brunabætur eigi greiddar vegna brests á fullnægj-  
ingu váttryggingarskilmála.**

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1932:* Synji stefndur C. A. Groberg fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning innan 30 daga frá lög- birtingu dóms þessa, að honum hafi verið kunnugt um það, er váttrygging sú, á v/sk. Mardöll, sem um ræðir í málinu, var tekin, eða síðar fram til miðs maimánaðar 1929, að bensín væri notað við vélar skipsins, á hann að vera sýkn af kröfu stefnanda í málinu Theódórs Línal, f. h. þrotabús Finnboga Jenssonar og skal þá málskostn- aður falla niður.

Vinni stefndur hinsvegar eigi svofelldan eið her hon-